
Fornleifaeftirlit vegna framkvæmda við Kotagrandu á Seltjarnarnesi 2018



Adolf Friðriksson

Reykjavík 2019

FS746-17301

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES





Forsíðumynd: Lögguhlið við Kotagrandu á Seltjarnarnesi (FSÍ)

©Fornleifastofnun Íslands 2019

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: fsi@fornleif.is

Heimasíða: www.fornleif.is

Inngangur

Á haustmánuðum 2017 óskaði Seltjarnarnesbær eftir því við Fornleifastofnun að annast eftirlit með framkvæmd við svonefnt „Lögguhlið“ við Kotagrandu á Seltjarnarnesi. Hafði Minjastofnun Íslands veitt heimild til að grafið yrði fyrir nyrðri stólpa hliðsins. Var sú heimild bundin þeim skilmálum að fornleifafræðingur fylgdist með verkinu og kannaði hvort hætta væri á raski á menningarminjum, enda er töluvert um minjar þar í grennd. Sótti Fornleifastofnun um leyfi til verksins hjá Minjastofnun sama ár. Framkvæmdir frestuðust fram í október 2018, en leyfið var þá útrunnið. Var því sótt enn um rannsóknarleyfi og loks gerðar athuganir á vettvangi. Í þessari stuttu skýrslu er gerð grein fyrir verkinu og hún jafnframt fullnaðarskýrsla um eftirlit og athuganir á staðnum.



Lögguhlið fyrir framkvæmdir. Myndin er tekin til vesturs. Á henni sést slóði sem liggur frá Litlabæ til sjávar, sem og syðri stólpinn. (Ljósmynd: Jón Snæbjörnsson ©)



Uppdrátturinn sýnir minjar við framkvæmdasvæði.

(Loftmynd: Loftmyndir ehf ©)

Vettvangsathugun 2018

Um og eftir miðja 20. öld var Suðurnes m.a. notað sem skot- og æfingasvæði lögreglunnar. Til að takmarka umferð að svæðinu, var reist hlið við veginn, u.þ.b. miðja vegu milli neðstu og vestustu túna í Nesi og sjávar, við Kotagrandu. Slóðin sem þar liggur er lítið notuð og að mestu gróin. Fyrir nokkrum áratugum hafði hliðið lokið hlutverki sínu en steinsteypir stólpar stóðu enn uppi uns fyrir um 30 árum er öðrum þeirra var rutt um koll við grjótflutninga í nýjan sjóvarnargarð sem lagður var samsíða Kotagrandu.

Farið var á vettvang dagana 3.-12. október 2018 til að kanna aðstæður og hafa eftirlit með framkvæmdinni. Áður en verkið hófst stóð syðri stólpinn enn á sínum stað, þ.e. sunnan við

slóðann, þar sem hann beygir til suðurs í átt að Suðurnesi. Nyrðri stólpinn hafði verið færður endur fyrir löngu og lá um 25 m vestar.

Hliðið er skammt vestan við heimatún Nesbæjartorfunnar, en túnin þar eru helsta minjasvæðið í landi sveitarfélagsins. Það stóð um 45 m frá brún sjóvarnargarðs. Til austurs frá hliði liggur áðurnefndur slóði, en hann er m.a. sýndur á túnakorti frá 1916 og lá þá frá Litlabæ og niður að sjó¹. Á sama uppdrætti er sýndur túngarður og brunnur frá býlinu. Sunnar stóð býlið Knútsborgir og þar eru leifar bæjarstæðis, útihúsa, túngarðs og fleira. Allar þessar minjar eru a.m.k. 20 m austar en framkvæmdasvæðið eða enn fjær².

Er hliðið var reist í upphafi, hefur það verið sett niður á stað þar sem ekki var kunnugt um eldri minjar. Þó er ljóst af aðstæðum að vegna nálægðar við gömlu byggðina neðst við tún Ness að ekki væri útilokað að þar leyndust áður óþekktar fornleifar.

Við framkvæmdina var grafin hola á móts við syðri stólpa, tæpur metri á hvorn veg. Undir grasrótarlagi var dökkt moldarlag, en undir því mjög sendin mold og loks sjávarmöl. Enginn vottur var af mannvistarleifum þar sem holan var grafin. Nyrðri stólpinn var fluttur á ný á hinn upprunalega stað og snyrtilega gengið frá umhverfi hans.

¹ *Túnakort, Nes* (1916). Ópr. Þjóðskjalasafn Íslands

² Upplýsingar um skráðar fornleifar á svæðinu er að finna í skýrslu Elínar Ó. Hreiðarsdóttur og Rúnars Leifssonar, *Fornleifaskráning á Seltjarnarnesi*, FS305-05221, Fornleifastofnun Íslands, 2006, Reykjavík.